

ÍSLANDSMÁL

Hvað vel sem ritað er, þá kemur ekki að notum, ef nautsku einni er að mæta. En þegar lesendur eru greindir, þá má með góðri hugsun og vel völdum orðum, miklu til leiðar koma.

I

Vér þurfum að endurreisa alþing. Alþing sem þjóðhátíð, alþing sem háð sé í heyranda hljóði, alþing þar sem rétt til að tala hafa allir þeir, sem þá íþrótt kunna til nokkurrar hlítar, og hug hafa á að segja eitthvað sem orðið gæti til gagns. Stofnun sú sem vér nú höfum, er rétt nefnd lögbing, og er því síst að neita, að þar er mikið starf unnið og nauðsynlegt. En þar skortir ljómann og þá fjörgun og efling þjóðlífsins sem verða mundi af þingi, þar sem komið gæti fram allt það sem fremst er með þjóðinni, í þekking, list og íþrótt. Og fegurð. Því að ekki má gleyma kvenfólkinu, sem meira jafnvel en í frásögur er fært, mun hafa komið við sögu hins forna alþingis.

Sumt af því sem hér fer á eftir, gæti verið efni í ræðu sem flytja mætti á þjóðhátíð, sem alþing hétu, og inngangur væri að störfum lögbingsins. Valda því erfiðleikar illir nokkuð viðureignar, að mál þetta hefir ekki fyrr fram komið.

II

Þess vildi ég biðja þingmenn, að þeir láti sér ekki til hugar koma að hætta að styðja listamenn. Þar er sá kostnaður, sem ekki verður niður sleppt, án ósóma fyrir íslenska menningu. Það er enn fremur óhæfa, að lækka styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar. Miklu fremur ætti að hækka hann, og

legg ég til, að honum séu veittar 3000 krónur. Það er smáræði, þegar þess er gætt, hversu mikið gagn vísindamenn gera þjóðfélagi. Þó að ekki væri annað, þá er sú aukning greindarinnar sem af starfi þeirra leiðir. En á því er oss hin mesta þörf, að greindin eflist. Ekkert miðar til að efla þjóðarheill eins og almenn aukning greindarinnar. Að vísu getur það orðið og hefir oft orðið einstaklingnum til hinnar mestu bölvunar, að verja til þess lífi sínu mest að reyna til að efla greind sína. Að vísu getur svo farið, og hefir oft svo farið, að það starf sé verst launað, sem mestrar er þakkar fyrir vert. Að vísu er það starf í þjóðfélagi, sem ekki verður án verið, nema verr eigi að fara, starf vitkarans, verst þegið og síst þakkað. En þetta má þó engan villa. Þetta kemur einmitt af því að aukning greindarinnar hefir verið of lítil, svo að nautska verður þar til móts, sem greind skyldi.

Ég ætla að benda á lítið dæmi þess, hve mikið gott gæti leitt af almennri aukning greindarinnar. Hugsum oss að greind væri komin á það stig, að öllum væri það kappsmál, að matreiða ekki öðruvísi en með hreinum höndum, matast ekki öðruvísi en með hreinum höndum, eða að minnsta kosti fingurgómum, svo að nefnt sé það, sem auðveldara er að veita sér. Öll sú illa tegund af rotnun, sem kölluð er taugaveiki, væri þá úr sögunni, og með henni mikið af þraut og þjáning og manndauða. Og mætti um slíkt mikið rita og til mikils gagns, ef vel væri þegið.

En svo ég víki aftur að Guðmundi Bárðarsyni, þá er íslenskri bændastétt svo mikill sómi að slíkum manni, að það er ólíklegt að nokkur sé sá greindur maður í þeirri stétt, sem ekki vilji veita honum fylgi að svo réttu máli, sem hér er upp borið.

Þá vil ég enn biðja þess, að menn veiti vini mínum Páli Erlingssyni ekki minna fé en hann fer fram á. Ég hefi rökstutt þá tillögu áður, og skal aðeins bæta því við, að það mundi bera vott um óheillavænlegan skort á þjóðrækni, að vilja ekki veita þeim manni maklega viðurkenningu í ellinni, sem eins er vel ættaður og bróðir Þorsteins Erlingssonar.

III

Eitt er það mál, sem hin mesta nauðsyn er á að minnast, þó að lítið hafi orðið umtal um. Það þarf að senda menn til Noregs, til þess að rannsaka hvað lifir enn af norrænu máli þar í landi. Þetta er íslensk þjóðarskylda. Tungumálsvandræði Norðmanna eru svo alvarleg, að til stórhnekkis er þessari merkilegu þjóð, sem oss er skyldust allra. Og þau vandræði eru alltaf að aukast. Og án íslenskrar hjálpar, verða þar ekki fundin þau ráð sem duga.* En Norðmenn eru svo vel kunnandi til vegagerðar, og annarra mannvirkja, sem hér er hin mesta þörf á, að þeim verður auðvelt að launa vel hinn mikla greiða, sem þeim væri gerður, með því að leysa tungumálsvandræði þeirra. Og því meir sem þar auðnaðist að taka upp vináttu með frændsemi, því betra væri.

IV

Hér er nú gott lið málfræðinga til slíkra ferða sem fara þarf til Noregs. En þó ætla ég einungis einn að nefna, magister Jakob Jóhannesson Smára, eftirtektarverðan gáfumann. Og ekki er mér á því nein launung, hvers vegna ég nefni hann einan, þó að fleiri góðra manna væri að geta. Mér virðist það bera vott um svo farsælar gáfur, að hafa eins og Smári, orðið fyrstur til að reyna að vekja eftirtekt á hinni fyrstu tilraun til íslenskrar heimspeki, sem gerð hefir verið. Og norrænnar. Því að norræn heimspeki var áður ekki til. Gyðingdómi hafa menn hlítt, og öðru því sem ófullnægjandi

* Ég er hér að mótmæla þeirri skoðun Munchs, sem áður er getið um. Auðvitað munu þeir Íslendingar, sem að þessu starfa, koma fram sem gerhugulir rannsóknarar, og varast fljótfærnislegar ályktanir eða dóma. En þetta verður að gera, þó að vér aðeins litum á Íslendinga hag, og værum svo glatsamir á norrænan drengskap, að vér létum oss á sama standa um vora skyldustu frændur. Þó að á ekkert væri að líta nema íslenska menningu, þá verðum vér að kynna oss mállýskurnar norsku, og landið og fólkið, miklu betur en verið hefir. Það er ekki íslensk endurreisn svo dugi, fyrr en vér höfum aftur komið oss í frændsemis- og vináttusamband við norsku þjóðina, líkt því sem var, þegar best lét. Og þó betur. Því að sambandið þarf að verða svo gott, að það geti ekki spillt.

var, og ekki vitað, að vér á Norðurlöndum verðum að hafa andlega forustu fyrir mannkyni jarðar vorrar.

Ég finn Smára það ekki til foráttu, að hann hefir ekki í ritgerð sinni um Nýal tekið það fram, sem náttúrufræðing hefði fremur þurft til að minnast á. En það vil ég, að þeir sem vit hafa og drengskap til að styðja minn málstað, sjái, að ég tek eftir því, og fái að finna hvort það er einskisvert, að þeirra sé til góðs getið í mínum greinum. Þess manns lof er best, sem af mannþekkingu ritar og sanngirni, og þann vilja hefir, að sigra þannig, að hann haldi ekki öðru fram, en því sem rétt er. Ef einhver sýnir fram á það sem rangt kynni að vera í máli mínu, þá er sá með mér. En á móti mér er sá, og að vísu mjög alvarlega, sem segir að það sé rangt sem er rétt.

Morgunblaðið, 1921.

Eftir að þetta var ritað, kom í „Eimreiðinni“ grein um Nýal, eftir kirkjusögukennarann hér við háskólann, Magnús Jónsson, og það væri rangt af mér að þegja yfir því, að mér virðist ég ekki á þessum árum hafa annað séð, jafn gáfulega ritað. Sá sem á 25 ára vísindamannsferli, hefir átt mest við rangindi að búa, lærir að meta það eins og vert er, þegar viti og drengskap er að mæta. En fátt er eins vel fallið til að sýna vit manna og drengskap, eins og einmitt það, hvernig þeir snúast við nýjum hugsunum. Það eru ekki til svo stórkostlegar hugsanir, að þær séu ekki í augum hins óvitra, sama sem ekkert, eða jafnvel firrur einar; en með slíkum undirtektum er gerð ill og óbærileg ævi þeirra sem með því að hugsa nýjar hugsanir, stofna ný verðmæti. Einungis sá, sem sjálfur er „genial“, snillingur að viti eða andagift, uppgötvar af eigin rammleik, hvort öðrum er svo farið.

Menn hafa verið mjög sparir á orðið „genial“, þar sem Íslendingar áttu í hlut; en þó er einmitt sú tegund atgervis, nálega þjóðareinkenni, þegar þroski er, eins og enn mun koma fagurlega fram, þegar rækt verður við lögð. — Sumir menn hafa misskilið slíka staði í ritgerðum mínum, og ekki munað eftir því, að lítilsvirðing á sinni eigin þjóð, er eitt af einkenn-

um smáþjóða; en slíkt getur staðið þjóð fyrir þrifum. Það er af því, að Íslendingar hafa of lítið álit á Íslendingum (og þeirri tegund menntunar, sem nauðsynleg er til andlegs sjálfstæðis), sem ekki er farið að bera meir á Íslendingum en orðið er, í ritlist og vísindum Vesturheimsmanna. Það verða fleiri nöfn, íslensk, heimsfræg, þar vestan hafs en Vilhjálms Stefánssonar, þegar farið verður að þiggja betur, sumt sem ritað er hér heima fyrir.